



Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	23.05.2016
Málalykill	00.10.1
Mál nr.	1605249

Til þess er málið varðar:

Garðabær 17. maí 2016

Eins og ljóst er orðið verður Landsmót hestamanna árið 2022 haldið á félagssvæði Spretts á Kjóavöllum. Fjöldi félagsmanna Spretts er 1.138 sem gerir Sprett að næst stærsta hestamannafélagi landsins og fer ört stækkandi. Félagssvæðið á Kjóavöllum er gríðastórt, og sem dæmi má nefna er talið að um 20 þúsund manns komist auðveldlega fyrir í áhorfendabrekkum við keppnisvelli félagsins. Undirbúningur fyrir landsmót er hafinn og að mörgu þarf að hyggja í svo stóru verkefni sem framundan er !

Það ríkir mikill áhugi og metnaður meðal félagsmanna í Spretti að byggja upp fallett og skjólgott svæði. Félagið leitar því til bæjarstjórnar Garðabæjar með ósk um aðkomu sveitarfélagsins til fegrunar félagssvæðisins. Um er að ræða gróðurátak í formi plantna, jarðvinnu og fl.

Með samtakamátti félagsmanna í Spretti, sveitarfélaganna Garðabæ og Kópavogi og annarra viljum við gera Kjóavellina að flottasta félagssvæði landsins, hvort sem horft er til fegurðar umhverfis eða aðstöðu fyrir menn eða hesta. Það mun skila betra mannlífi og fegurra umhverfi er fram líða stundir.

Félagið er búið að útvega sér talsvert mikið magn af trjám úr landi Urriðaholts sem er í eigu Oddfellow. Jafnframt hefur okkur verið veitt leyfi til að fjarlægja töluvert magn af trjám úr lóð útvarpshússins, þar sem til stendur að hefja byggingarframkvæmdir á næsta leiti. Einnig viljum við kaupa talsvert magn trjágróðurs aðalega talsvert magn af öspum sem mynda innkomu í hverfið og skerma svæðið af. Það er því af nógu að taka ef viljinn er fyrir hendi. Félagið óskar eftir því að Garðabær styrki þetta verkefni sérstaklega t.d með vélakosti, efniskaupum, trjákaupum o.fl.

Virðingafyllst

Stjórn Spretts